



VÍS: Uppgjör 1. ársfjórðungs 2022

Árslutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2022 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 5. maí síðastliðinn.

Helstu niðurstöður 1F 2022

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta var 73 milljónir kr., samanborið við hagnað upp á 1.904 milljónir kr. á sama tímabili 2021
- Tap af vátryggingarekstri tímabilsins nam 243 milljónum kr., samanborið við 405 milljóna kr. tap á sama tíma í fyrra
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 106,1%, en var 108,0% á sama tíma í fyrra
- Iðgjöld tímabilsins voru 5.696 milljónir kr., í samanburði við 5.520 milljónir kr. á 1F 2021
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi voru 366 milljónir kr., samanborið við 2.484 milljónir kr. á sama tímabili 2021

Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS:

„Almennt og yfirleitt er fyrsti ársfjórðungur hvers árs tjónaþungur. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var tíðin erfið og mikið um smærri tjón – en þó var ekki stórtjón. Samsett hlutfall fjórðungsins var 106% en 108% á sama tíma í fyrra. Þess ber að geta að horfur fyrir árið eru óbreyttar – og gert er ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2022 verði á bilinu 95-97%. Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 73 milljónum króna.

Áhersla á sókn og sölu

Nýlega sögðum við frá skipulagsbreytingum hjá félagini. Að umbreyta aldargömlu tryggingafélagi í stafrænt þjónustufyrirtæki kallar á sífelldar breytingar, ekki síst á skipulagi félagsins. Vegferðin og markmiðin eru skýr. VÍS er stafrænt þjónustufyrirtæki sem breytir því hvernig tryggingar virka. Félagið er í forstu tryggingafélaga á Íslandi með þróun sjálfvirkra þjónustuferla og stafrænna lausna. Áherslan fram á veg verður á sókn – og arðsemi í tryggingarekstri.

Horft til tækifæra á markaði

Á síðasta aðalfundi var gert að umtalsefni þau fjölmörgu tækifæri sem fylgja breyttu umhverfi. Félagið er með öflugan viðskiptavinagrunn og tæknigrunn – sem og sterka stöðu á tryggingamarkaði. Þetta eru góðir styrkleikar fyrir frekari vöxt. Við erum orðin fjártækifyrirtæki – og á þeim grunni getum við gert ennþá meira. Breytingar í umhverfinu bjóða upp á tækifæri til vaxtar.

Sveiflur á eignamörkuðum

Fjórðungurinn einkenndist af sveiflum á eignamörkuðum vegna ástandsins í Evrópu. Ávöxtun fjáreigna nam 0,8% eða 366 milljónum króna í fjárfestingartekjur. Skráð hlutabréf hækkuðu um 1,7% og er það í takt við hækkun vísitölu yfir sama tímabil. Lækkun á óskráðum hlutabréfum litar fjórðunginn en virði Controlant var lækkað um 250 milljónir króna eða 23%. Ríkisskuldabréf skiluðu neikvæðri afkomu í fjórðungnum en góð afkoma var af öðrum skuldabréfum.

Ökuvisir vinnur til verðlauna

Rúmt ár er síðan við kynntum Ökuvisi til leiks. Á þeim tíma höfum við séð að viðskiptavinir okkar, sem eru með Ökuvisi, hafa bætt akstur sinn umtalsvert meira en upphaflegar áætlanir okkar gerðu ráð fyrir. Betri akstur leiðir til færri slysa og tjóna og því sáum við svigrúm í upphafi árs til að lækka verð enn frekar hjá þeim sem keyra vel. Verðskrá fyrir bílatryggingar hefur aldrei verið jafn skýr og gagnsæ. Öruggur akstur margborgar sig. Svo erum við stolt af því að Ökuvisir hafi nýlega hlotið tvenn verðlaun á íslensku vefverðlaununum. Ökuvisir var valinn app og tæknilausn ársins! Við ætlum að breyta því hvernig tryggingar virka – og Ökuvisir er svo sannarlega gott dæmi um það.”



Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 6. maí, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast hér: <https://www.vis.is/fjarfestaupplysingar/>

Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast upptöku að honum loknum á vefsíðónni: <https://vis.is/1-arsfjordungur-2022/>

Fjárhagsdagatal

Annar ársfjórðungur 2022 || 18. ágúst 2022
Þriðji ársfjórðungur 2022 || 20. október 2022

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VIS, í síma 660-5260 eða með netfanginu erlat@vis.is

Rekstrarreikningur



	1F 2022	1F 2021	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	5.696	5.520	176	3,2%
Hluti endurtryggjenda	-191	-168	-23	13,8%
Eigin iðgjöld	5.504	5.352	153	2,9%
Fjárfestingatekjur	366	2.484	-2.117	-85,3%
Aðrar tekjur	15	19	-4	-19,7%
Heildartekjur	5.886	7.854	-1.968	-25,1%
Tjón tímabilsins	-4.482	-4.633	151	-3,3%
Hluti endurtryggjenda	40	164	-124	-75,8%
Eigin tjón	-4.443	-4.469	27	-0,6%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	238	73	165	-
Rekstrarkostnaður	-1.506	-1.429	-77	5,4%
Vaxtagjöld og virðisrýnun viðsk.krafna	-132	-100	-32	32,5%
Heildargjöld	-5.844	-5.925	82	-1,4%
Hagnaður fyrir skatta	42	1.929	-1.887	-97,8%
Skattar	31	-24	55	-
Hagnaður tímabilsins	73	1.904	-1.831	-96,2%
Tjóna- og endurtr.hlutfall	81,3%	83,9%		
Kostnaðarhlutfall	24,8%	24,0%		
Samsett hlutfall	106,1%	108,0%		
Ávöxtun fjáreigna	0,8%	5,8%		
Arðsemi eigin fjár	0,4%	11,2%		

Efnahagsreikningur

	31.03.2022	31.12.2021
Eignir		
Rekstrarfjármunir	455	474
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.436	1.461
Húsaleigueign	680	700
Fjárfestingareignir	42.169	44.679
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.667	1.774
Viðskiptakröfur	9.400	6.517
Endurtryggingaeignir	1.479	1.207
Aðrar kröfur	682	698
Handbært fé	1.501	1.553
Eignir samtals	59.470	59.063
Eigið fé		
Hlutafé	1.750	1.750
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	8.688	9.371
Óráðstafað eigið fé	5.962	8.706
Eigið fé samtals	17.025	20.453
Skuldir		
Víkjandi skuldabréf	3.056	3.033
Tekjuskattsskuldbinding	34	65
Húsaleiguskuld	725	742
Vátryggingaskuld	34.030	30.286
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.667	1.774
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.932	2.709
Skuldir samtals	42.444	38.610
Eigið fé og skuldir samtals	59.470	59.063